

Skólaráðsfundur

FUNDARGERÐ	Tílefni fundar fjórði fundur skólaráðs		
Dags. fundar 12. febrúar 2013	Tími (08:10 – 09:30)	Staður Fundarherbergi, Digranesi	Nr. fundar 4
Fundarboðandi Sigrún B.	Fundarritari Sigrún Guðm.	Fundarstjóri Sigrún B.	Fj. bls. 2

Boðaðir voru: Sigrún Bjarnadóttir, Anna Guðný Björnsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Hallgrímur Geir Gylfason, Selma Guðmundsdóttir, Ragnheiður Bóasdóttir, Össur Geirsson, Guðrún Kara Valgarðsdóttir og Anna Björg Friðriksdóttir.
Mættir voru: Allir
Málefni fundar: <ol style="list-style-type: none"> 1. Fjárhagsáætlun 2013 2. Upplýsingatækni 3. Innleiðing Aðalnámskrár 4. Matarmál 5. Umferðaröryggi, skólalóð og aðbúnaður 6. Kennaranemar 7. Saman í sátt 8. Dægradvöl 9. Önnur mál

Málefni	Niðurstaða
1. Fjárhags-áætlun 2013	Í nýrri fjárhagsáætlun er búið að færa sérdeild einhverfra inn í heildaráætlun. Næsta skólaár er mjög stór árgangur að koma inn í skólann en búast má við um 80 börnum. Ljósritunarkostnaður hefur aukist mikið en orsakast það m.a. af miklu magni af rafrænu efni sem þarf að prenta út. Fundarmenn beðnir að fara yfir áætlun og koma með spurningar og athugasemdir ef einhverjar eru.
2. Upplýsingatækni	Framtíðarsýn – valkostir varðandi tækjabúnað að skólarnir miðli meira sín á milli. Endurnýjun á öllum tölvum sem eru 6 ára og eldri. Eftir þetta skólaár þurfum við að ákveða hvernig tölvur við ætlum að kaupa – áætlað að skipa um það starfshóp innan skólans.
3. Innleiðing Aðalnámskrár	Setja af stað teymi – verkáætlun – tímaáætlun. Hugmynd um að allir skólar í Kópavogi haldi sameiginlega fagfundi eða fyrirlestra. Vinna farin af stað með námsmatið en haust 2014 verður keyrt eftir nýrri aðalnámskrá. Framkvæmd umbótaáætlun varðandi nýja námskrá. Í nýrri námskrá er litið á námsmatið sem hluta af kennslunni og fá kennarar kynningu um þetta. Á skipulagsdegi í vor verður umræða um grunnþætti námskrárinnar.
4. Matarmál	Hugmynd um að börnin á eldra stigi skammti sér matinn sjálf. Leyfa krökkunum að hafa meira val. Taka þarf upp meiri og betri skráningu. Kennarar borða meira með börnunum en áður og hefur það gengið vel. Breyting til batnaðar og hafa börnin tekið sig mikið á í allri hegðun og umgengni. 82% barna eru í mat. 553 börn borða í hádeginu.
5. Umferðaröryggi, skólalóð og aðbúnaður	Erfitt hefur verið að manna vörslu á gatnamótum Þverbrekku og Álfhólsvogar á morgnana. Ýmislegt þarf að lagfæra á skólalóðinni sérstaklega Digranesmeigin og er lýsingu mjög ábótavant. Vilji innan skólans til að mála leikvelli á skólalóðirnar. Rætt hefur verið við nemendur 10. bekkjar og ætla þeir að fara út í frímínútur með undirbúna leiki. Einnig ætla nemendur að taka að sér vörslu inni til að ná fram betri umgengni. Nemendur tóku mjög vel í þessa hugmynd og fá styrk fyrir vorferðinni í staðinn.
6. Kennaranemar	Von er á u.þ.b. 12-15 kennaranemum í skólann á næstunni.

Álfhólsskóli

7. Saman í sátt	Morgunfundir fyrir foreldra. Námsráðgjafar fara yfir hvernig gengur og hvernig aðgerðaráætlunin virkar. Í könnunum kemur fram að fleiri segjast lenda í einelti heldur en við vitum um. Þurfum ráð til að finna þessi börn. Forvarnarvinna. Ábending um að einfalda aðgengi að upplýsingum um einelti á heimasíðu skólans.
8. Dægradvöl	Ákveðnar breytingar eru þar í gangi sem verið er að vinna í.
9 Önnur mál	Næsti fundur ákveðinn 11. mars, Hjallamegin. Stefnt að því að hafa sameiginlegan opinn fund með foreldrafélaginu þar sem einnig verða skóla- og nemendaráð. Stefnumótunardagur verður laugardaginn 4. maí. Ýmsar hugmyndir uppi um hvað gert verður í ár.